

AUGLÝSING

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Jafnasel 2-4.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 23. ágúst 1999 samþykkt breytingu á skipulagi lóðar nr. 2-4 við Jafnasel. Við breytinguna fellur úr gildi sameining lóðarinnar við Jafnasel 6 frá 26. mars 1996. Þá verður hús á lóðinni einnar hæðar með flötu þaki í stað einnar hæðar með portbyggðu, nýtanlegu risi.

Skipulagsbreytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Breytingin öðlast þegar gildi.

Laugvegur 180.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur borgarráð Reykjavíkur þann 30. júlí 1999 samþykkt skipulag lóðar nr. 180 við Laugaveg. Á lóðinni verði heimilt að reisa sex hæða stakstætt skrifstofuhús með verslun á fyrstu hæð og bílageymslukjallara.

Deiliskipulagið hefur verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.
Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 29. desember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson skipulagsstjóri.

AUGLÝSING

gjaldskrár fyrir hundahald á Hellu árið 2000.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal á árinu 2000 vera kr. 7.109. Gjaldldagi er 1. janúar og eindagi 29. febrúar vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkalls-kostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfis-hafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps þann 11. nóvember 1999 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir og gildir fyrir árið 2000. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 30. nóvember 1999.

Hellu, 29. desember 1999.

F.h. sveitarstjórnar Rangárvallahrepps,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.